

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Fundur trúnaðarráðs 25. janúar 2023, kl. 19.00

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29 + fjarfundur

Mættir: Friðrik Rafnsson (FR), Snorri Steinn Sigurðsson (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB), Valva Árnadóttir (VÁ), Leifur Björnsson (LB), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Pétur Gunnarsson (PG), Áslaug J. Marinósdóttir (ÁJM), Indriði H. Þorláksson (IHP), Hildur Bjarnason (HBj), Óskar Kristjánsson (ÓK), J. Birna Halldórsdóttir (JBH), Birna Imsland (BI) (kom kl. 19:42).

Á fjarfundi: Hallfríður Þórarinsdóttir (HP).

Fjarverandi: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ), Kári Jónasson (KJ), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ), Ellert Sigurðsson (ES), Bergsteinn Harðarson (BH), Guðni Gunnarsson (GG), Sigurður Magnússon (SM).

1.	Fundur settur	<p>Formaður FR setur fund og býður trúnaðarráðsfólk velkomið. Fundargerð síðasta fundar frá 10.10.2022 hafði þegar verið samþykkt í tölvupóstum.</p> <p>FR þakkar trúnaðarráði fyrir samstarfið á liðnu ári og fer í framhaldinu yfir helstu vörðurnar í starfi stjórnar; m.a. ný lög, nýjar siðareglur, fræðslustarf, afmælishátíð og afmælisrit. Sýnileiki félagsins í samfélaginu hefur verið mikill á síðasta ári og vægi stéttarinnar er virt í umræðu um ferðaþjónustuna, sem hefur styrkt félagsandann. Eindrægni og gott samstarf hefur einkennt starf stjórnar á liðnu ári, með heilbrigðum skoðanaskiptum og góðum anda. Starfið hefur einnig gengið vel hjá öðrum nefndum og ráðum. Fjárhagsstaðan er góð og við förum brött inn í árið 2023. Samt sem áður þurfum við að vera á vaktinni og standa vörð um félagið og kjörin. En öllu þessu mun verða gerð betri skil í skýrslu stjórnar á aðalfundi í vor.</p>		Friðrik
2.	Staða fjármála	<p>Bókari félagsins hefur skilað bráðabirgða ársyfirliti sem stjórn leggur fyrir trúnaðarráð. Gjaldkeri fer yfir helstu tölur, en áberandi er að almennu félagsgjöldin hafa hækkað umtalsvert, sem sýnir að mikið var að gera hjá félagsmönnum. Skýr vísending er um að fjárhagurinn hefur styrkst þó nokkuð frá síðasta ári, þrátt fyrir aukin útgjöld vegna 50 ára afmælisins og aukins lögfræðikostnaðar vegna kjarabrotá, en þau eru samkvæmt þeim áætlunum sem voru gerðar í upphafi síðasta árs.</p> <p>SSS fer yfir málsókn sem er í bígerð gagnvart ákveðnu ferðaþjónustufyrirtæki og kemur til með að auka lögfræðikostnaðinn á núverandi ári. Þetta fyrirtæki hefur bannað sínum starfsmönnum að vera í Leiðsögn sem er lögbrot. Fer málið fyrir Félagsdóm bráðlega, en málið hefur fordæmisgildi og vonandi líka forvarnargildi.</p> <p>ÓK, fyrrverandi gjaldkeri félagsins, nefnir að fara þurfi yfir bankareikninga Leiðsagnar, sem eru margir og flestir óvirkir, þetta þarf að einfalda. Ráðleggur hann formanni</p>	U	Valva Stjórn
			U	Snorri
			U	Friðrik

		<p>að skoða þetta nánar og einnig lokanir reikninga í kringum yfirfærsluna frá Arion banka til Íslandsbanka.</p> <p>Skapast nokkur umræða um fyrri tíð og fyrra fyrirkomulag, en fundarmenn eru sammála um að enn sé þörf á að auka gegnsæi og bæta verklag í starfi félagsins.</p> <p>Kl. 19:42 tekur BI sæti á fundinum.</p>		
3.	Eftirfylgni vegna faghópa	<p>Formaður vill að stjórn hafi frumkvæði að því að efna til félagsfundar í því augnamiði að stofna faghópa. Enginn faghópur er nú starfandi innan félagsins eftir að Fagdeildin var lögð niður. Stofna mætti faghópa um almenna leiðsögn, gönguleiðsögn, ökuleiðsögn, menningarleiðsögn o.s.frv. - jafnvel líka faghópa tungumála. Þótt hlutverk félagsmanna sé í höfuðatriðum hið sama þá eru mörg ólík mengi innan félagsins og væri æskilegt að efla samstöðu hinna ólíku hópa inn á við, og e.t.v. líka út á við.</p> <p>Rætt um málstofu um öryggismál sem var haldin nýverið af Félagi fjallaleiðsögumanna (AIMG) í samstarfi við Ferðamálastofu. Ekki var haft formlegt samband við stjórn Leiðsagnar eða skrifstofuna vegna þessa, en fulltrúar stjórnar tóku þátt því málefnið var mikilvægt, SSS á staðfundi og FR fylgdist með í streymi. Fleiri félagsmenn tóku einnig þátt og létu mjög vel af.</p> <p>Stjórn Leiðsagnar er með fín tengsl við AIMG og var haldinn góður fundur með þeim á síðasta ári. FR tilkynnir að hann muni hitta formann AIMG og fulltrúa Ferðamálastofu bráðlega og stefna að samvinnuverkefnum í framtíðinni, m.a. ræða lagfæringar á lögum og reglugerðum er varða ferðapjónustu og eins um keðjuábyrgð aðila.</p> <p>HB nefnir í þessu samhengi nauðsyn þess að Leiðsögn eigi fulltrúa í bæði Ferðamálaráði og Ferðamálastofu.</p> <p>Kl. 19:56 fer PG af fundi.</p>	U	Friðrik
4.	Staða kjarasamninga	<p>SSS afhendir fundarmönnum yfirlit kröfugerðar Leiðsagnar til SAF/SA. Formaður FR ítrekar við fundarmenn að algjör trúnaður ríki um gang kjaraviðræðna og í framhaldinu rekur hann undirbúning viðræðunefndar.</p> <p>Auk kjaraúrbóta þá lá fyrir að nauðsynlegt væri að lagfæra orðalag gildandi kjarasamnings. Kallaðir voru til fyrrverandi formenn félagsins til samráðs og haldinn var sérstakur félagsfundur um kjaramálin þann 14.10.2022 og komu margar góðar tillögur þar fram. Einnig var send út tilkynning til félagsmanna og þeir hvattir til að hafa samband við Kjaranefnd og koma hugmyndum sínum á framfæri. Allt þetta var lagt til grundvallar kröfugerð Leiðsagnar. Þegar kjaraviðræður hófust virtist það koma aðilunum hinum megin við borðið á óvart hvað viðræðunefnd Leiðsagnar kom vel undirbúin til leiks.</p> <p>Það er yfirlýst stefna SA að taka aðeins á launaliðnum á</p>	U	Snorri Friðrik

	<p>Þessu stigi málsins en vísa öðrum hlutum, eins og t.d. launaleiðréttingu, til úrvinnslu á næstu mánuðum. Má reikna með að þeir vilji sjá svipaða útfærslu launaliðarins og hjá SGS og VR. Enn er verið að skoða með hagfræðingum ASÍ hvort hagstæðara sé að fá prósentuhækkun eða krónutöluhækkun.</p> <p>Nú er mikil þörf fyrir leiðsögumenn og gerir SAF sér grein fyrir því, sem myndar ákveðinn þrýsting á að semja fljótt og vel. Bæði Leiðsögn og SAF leggja áherslu á metnað og gæði í ferðaþjónustu þar sem reynsla og fagmennska skiptir máli. Gera þarf meiri greinarmun á leiðsögumanni, hópstjóra og fararstjóra. Vel flest ferðaþjónustufyrirtæki eru nokkuð stíf á því að greiða skv. töxtum kjarasamnings. Viðsemjendur úr röðum SA virtust eiga erfitt með trú á því að leiðsögumenn fengju greitt eftir töxtum, töldu víst að oftast væri um að ræða yfirborganir og álag ofan á taxta.</p> <p>Rætt um afturvirkni samnings til 1. nóvember og hversu margir félagsmenn myndu njóta góðs af henni, eða hvort hún gæti orðið skiptimynt fyrir aðrar kjarabætur.</p> <p>Rætt um menntunarmálin og að fagmenntun eigi að meta til launa. Ekki fellur nám úr öllum skólum í 4. flokkinn, aðeins EHI og Leiðsöguskólinn (og skólar sem kenna eftir námsskrá hans). Hefur þetta skapað togstreitu milli skólanna og leiðsögumanna sem útskrifast t.d. úr Ferðamálastólum Íslands, en nám þaðan er metið til 3. flokksins í launum af flestum ferðaþjónustuaðilum. Andað hefur köldu milli FÍ-skólans og Leiðsagnar og er það gömul saga og óviðkomandi núverandi stjórn.</p> <p>Rætt um nauðsyn á samræmdri námsskrá fyrir alla þá sem bjóða upp á leiðsögunám og þeir geta stuðst við. Stofnun á vegum ráðuneytisins ætti að meta skóla hæfa eða ekki hæfa út frá námsskrám þeirra. FÍ-skólinn neitar reyndar að sýna námsskrá sína og hefur ekki viljað taka samtalið við Leiðsögn þegar eftir því hefur verið leitað af núverandi stjórnarmönnum.</p> <p>Margt ber á góma í þessum umræðum og hægt að halda áfram lengi enn, en fundurinn er orðinn nokkuð langur og tímabært að slá botn í umræður. FR þakkar fundarmönnum fyrir góðan fund og segir honum hér með slitið.</p>	
--	--	--

Fundi slitið 20:50

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari